

Ed.

483. Nefndarálit

um frv. til laga um húsaleigu í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir borið frv. þetta undir borgarstjóra Reykjavíkur og hann aftur undir dýrtiðarnefnd bæjarins. Leggur nefnd þessi eindregið á móti því, að frv. verði gert að lögum, með því að ákvæði 2. og 3. gr. núgildandi húsaleigulaga, sem feld yrðu burtu, hafi forðað því, að fjöldi manns yrði húsnæðislaus, og verið nokkurt haft á óeðlilegri húsasölu, sem tíðkast hafi hjer í bænum að undanfögnu, en telja megi víst, að verði ákvæði þessi feld í burtu, muni aukast vandræði þau, er stafi af húsnæðiseklu hjer, svo mjög, að ekki yrði við ráðið.

Eins og framangreint álit dýrtiðarnefndar Reykjavíkur ber með sjer, gæti frv. þetta, að hennar áliti, haft mjög víðtækar afleiðingar, ef það yrði að lögum, og þarf því að sæta itarlegri athugun í þinginu. Það er hins vegar ekki borið fram fyrri en mjög var liðið á þingtímann, og nú ættu ekki að vera eftir af honum nema örfáir dagar, svo að vjer getum með engu móti vænst, að það fengi nægan undirbúning, ef það gengi fram á þessu þingi. Nefndin telur hins vegar rjett, að húsaleigulögin sjeu tekin til athugunar og endurskoðunar, og vill því ráða til, að málinu verði að þessu sinni ráðið til lykta með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í trausti þess, að stjórnin taki lögin um húsaleigu í Reykjavík til athugunar og endurskoðunar og leggi, ef ástæða þykir til, fyrir næsta þing frumvarp um breytingu á þeim, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. júlí 1918.

Guðjón Guðlaugsson,
form.
Með fyrirvara.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskrifari.

Magnús Torfason.